



## NORÐURÞING

Ketilsbraut 7 - 9 – 640 Húsavík  
Netfang: [nordurthing@nordurthing.is](mailto:nordurthing@nordurthing.is)

Sími: 464-6100 fax: 464-6101  
Veffang: [www.nordurthing.is](http://www.nordurthing.is)

### Umsókn um vinnu í vinnuskóla Norðurþings

Nafn: \_\_\_\_\_ Kennitala: \_\_\_\_\_ - \_\_\_\_\_

Lögheimili: \_\_\_\_\_

Tímabil sem umsækjandi sækir um (tilgreina þarf heilar vikur): \_\_\_\_\_

Bankareikningur\*: bnr. \_\_\_\_\_ hb \_\_\_\_ reikn.nr \_\_\_\_\_

Ef reikningseigandi er annar en umsækjandi:

Nafn reikningseiganda: \_\_\_\_\_ kennitala: \_\_\_\_\_ - \_\_\_\_\_

\*Bankareikningur skráður á nafn og kennitölu umsækjanda eða forráðamanns (nafn og kennitala reikningseiganda ef annar en umsækjandi).

Nemendur 10. bekkjar þurfa að skila inn skattkorti.

#### Skipulag starfsins:

Vinnuskólinn er rekinn af Norðurþingi og heyrir undir Æskulýðssvið Norðurþings. Dagleg stjórn Vinnuskólans er í höndum flokksstjóra. Helstu verkefni Vinnuskólans varða snyrtingu og fegrun sveitarfélagsins og umhverfi þess. Unnið er alla virka daga vikunnar. Vinnutími er frá kl. 08:00 til kl. 11:45 og 13:00 – 16:45.

#### Röðun í vinnuflokka:

Vinnuskólinn lítur svo á að unglingar þurfi að venjast því að vinna með hverjum sem er. Þeim er því ekki raðað eftir vinahópum. Ekki er víst að þeir sem eru settir saman í hóp í upphafi verði saman allt sumarið. Margar ástæður geta orðið til þess að endurraða þurfi í hóp eða hópa.

#### Helstu kröfur til nemenda vinnuskólans:

Gert er ráð fyrir því að unglingur sem sækir um vinnu í Vinnuskóla Norðurþings sé með umsókn sinni að lýsa yfir áhuga sínum á því að taka þátt í starfi skólans og vinna samviskusamlega þau verk sem honum eru falin. Unglingnum ber að sýna kurteisi í samskiptum við stjórnendur skólans, íbúa sveitarfélagsins og þá sem með honum vinna. Klæðnaður þarf að vera í samræmi við veður og vinnuaðstæður hverju sinni. Unglingar eru beðnir um að hafa með sér nesti til að neyta í kaffitímum. Tóbaksnotkun er alfarið bönnuð í Vinnuskólanum. Fari unglingur ekki að tilmælum flokksstjóra eða sætti sig ekki við þær starfs- og vinnureglur sem gilda í Vinnuskólanum verður honum gefið tækifæri til að bæta sig. Beri það ekki árangur er hann sendur heim launalaust í lengri eða skemmri tíma.

**Ofnæmi eða aðrir kvillar:** Vinnuskólinn reynir að mæta vandamálum vegna ofnæmis eða annarra sambærilegra kvilla. Til að hægt sé að taka tillit til slíkra beiðna þarf að fylgja vottorð sérfræðings.

Nánari upplýsingar veitir æskulýðsfulltrúi.

#### Staðfesting foreldra/forráðamanna:

Undirritaður/undirrituð staðfestir hér með að hann/hún hefur kynnt sér starfsemi Vinnuskólans og mun styðja umsækjanda í því að uppfylla starfsreglur skólans. Jafnframt staðfestast ofangreindar upplýsingar um bankareikning o.fl..

\_\_\_\_\_

Undirskrift foreldris/forráðamanns

\_\_\_\_\_

gsm

\_\_\_\_\_

vinnusími

Ég undirritaður/undirrituð staðfesti hér með að hafa kynnt mér ofangreindar upplýsingar varðandi starfsemi Vinnuskóla Norðurþings og mun leyta við að uppfylla starfsreglur skólans.

Dagsetning \_\_\_\_ / \_\_\_\_ 20 \_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Undirskrift umsækjanda um vinnu í Vinnuskóla Norðurþings